

Forsætisráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. júlí 2016.

Stjórnarskrárnefnd var skipuð 6. nóvember 2013 á grundvelli samkomulags fimm þingflokka, dags. 2. júlí 2013, um meðferð stjórnarskrárbreytinga 2013-2017 og tilnefninga frá þeim sex stjórnsmálaflokkum sem sæti eiga á Alþingi. Hlutverk nefndarinnar er að leggja til breytingar á stjórnarskránni, með hliðsjón af þeirri vinnu sem farið hefur fram á undanförunum árum og annarri þróun í stjórnarskrármálum. Haldnir hafa verið 54 fundir og skipan nefndarinnar tekið nokkrum breytingum, þar á meðal haustið 2014 þegar Páll Þórhallsson tók við formennsku af Sigurði Líndal. Nefndin hefur haldið stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis upplýstri um starfið og þá hafa nefndarmenn átt samráð við þingflokka sína.

Í upphafi starfsins var ákveðið að setja eftirtalin fjögur málefni í forgang: 1) *Auðlindir*; 2) *Umhverfisvernd*; 3) *Framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu*; 4) *Þjóðaratkvæðagreiðslur á grundvelli undirskrifta*. Þá og síðar hefur verið lögð áhersla á að ná sem bestri sátt um verkefni nefndarinnar. Gefin var út áfangaskýrsla í júní 2014 og gerð grein fyrir umræðum og fyrirbyggjandi afstöðu. Tilgangurinn var að efna til opinberrar umræðu og m.a. settar fram spurningar og álitaefni sem vakin var sérstök athygli á. Fjölmargar athugasemdir bárust en þær voru flestar á þann veg að minna á ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu haustið 2012. Í kjölfar áfangaskýrslunnar leitaðist nefndin við að nálgast sameiginlega niðurstöðu sem nánari útfærsla yrði byggð á. Vorið 2015 var talið tímabært að leita eftir aðstoð sérfræðinga í því efni og 19. febrúar 2016 kynnti nefndin á vefnum stjórnarskra.is drög að þremur frumvörpum til stjórnarskipunarlaga. Nefndin ræddi hvort betur færi á að sameina tillögurnar í einu frumvarpi en komst að þeirri niðurstöðu að kjósendur í þjóðaratkvæðagreiðslu, ef til hennar kæmi, hefðu meira val ef frumvörpin væru aðskilin.

Framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu er eitt af þeim atriðum sem í upphafi starfsins voru sett í forgang eins og áður segir og var ítarlega um það rætt í nefndinni. Slíkt ákvæði myndi að mati nefndarinnar fyrst og fremst snúast um að eyða þeirri stjórnskipulegu óvissu um framsal ríkisvalds sem reglulega kemur upp á vettvangi samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Þar yrði um að ræða kröfu um aukinn meirihluta á Alþingi með mögulegri aðkomu kjósenda þegar um framsal er að ræða og ennfremur ákveðin efnisleg takmörk framsals. Í því sambandi hefur verið rætt um að gera vægari kröfur varðandi málsmeðferð þegar ákvæðum er bætt við gildandi samninga sem ekki fela í sér eðlisbreytingu þess samstarfs sem liggur til grundvallar. Samkomulag náðist þó ekki um tillögu í þessu efni.

Frestur til athugasemda vegna frumvarpsdraganna þriggja var gefinn til 8. mars 2016 en jafnframt tóku nefndarmenn þátt í ýmsum kynningarfundum um tillögurnar. Í kjölfarið fór nefndin yfir athugasemdir

sem borist höfðu og ráðgaðist við áðurnefnda sérfræðinga. Nefndarmenn voru ekki á einu máli um það að hve miklu leyti athugasemdir, sem fram hefðu komið, kölluðu á breytingar á frumvarpsdrögum.

Stjórnarskrárnefnd skilar nú af sér þremur frumvörpum. Þetta eru frumvörp um 1) þjóðareign á náttúruauðlindum, 2) umhverfis- og náttúruvernd og 3) þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu hluta kjósenda. Frumvarpsdrögin eru í meginatriðum þau sömu og kynnt voru opinberlega 19. febrúar síðastliðinn og ekki voru gerðar á þeim aðrar breytingar í kjölfar samráðs en þær sem allir nefndarmenn gátu fallist á.

Jafnframt hafa á vegum nefndarinnar verið unnin frumdrög að mögulegum breytingum á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna í kjölfar samþykktar stjórnarskrárákvæðis um það efni.

Í meðfylgjandi bókunum koma fram sérstök sjónarmið sem nefndarmenn vilja halda til haga.

Virðingarfyllst,

Páll Þórhallsson

Aðalheiður Ámundadóttir

Birgir Ármannsson

Einar Hugi Bjarnason

Jón Kristjánsson

Katrín Jakobsdóttir

Róbert Marshall

Valgerður Bjarnadóttir

Valgerður Gunnarsdóttir

Fylgiskjöl:

1. Bókanir nefndarmanna.
2. Þjóðareign á náttúruauðlindum, frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
3. Umhverfis- og náttúruvernd, frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
4. Þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu hluta kjósenda, frumvarp til stjórnarskipunarlaga.
5. Mögulegar breytingar á lögum um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna, frumdrög.
6. Fundargerðir stjórnarskrárnefndar, 1.-54. fundur.